ANTIKVA EHF 2019

# Hamrahlíð í landi Blikastaða

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner**
**og Margrét Valmundsdóttir**



Forsíðumynd: Bæjarstæðið á Hamrahlíð

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9509-7-0

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir , Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Margrét Valmundsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur ........ 6

Fornleifaskráning ........ 6

Skráningarsvæðið ........ 7

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 8

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 12

Jarðarnúmer ........ 13

Tegund, hlutverk og heiti ........ 13

Staðsetning ........ 13

Staðhættir og lýsing ........ 13

Hættumat ........ 14

Mótvægisaðgerðir ........ 14

Fornleifar á svæðinu ........ 15

Blikastaðir [269] ........ 15

Hamrahlíð saga jarðarinnar ........ 17

Bæjarstæði [2312] heimild ........ 18

Óþekkt – húsgrunnur [2313] upphækkun ........ 20

Útihús [2314] tóft ........ 21

Útihús [2315] tóft ........ 22

Óþekkt [2316] þúfur ........ 23

Óþekkt – jarðhús? [2317] hola – niðurgröftur ........ 24

Garður [ 2318] garðlag .......... 25
Garður [2319] garður .......... 26
Beðasléttur [2325] ávalar bungur í túni .......... 26
Túngarður [2326] heimild .......... 27
Heimreið [2329] heimild .......... 27
Leið [2342] gata .......... 27
Útihús [2328] heimild .......... 27
Framræsluskurður [2343] skurður .......... 28
Framræsluskurður eldri [2345] skurður .......... 28
Stekkjarvað [2337] og leið [2336] vað og gata .......... 29
Þjóðvegur [600] heimild .......... 30
Samantekt og niðurstöður .......... 31
Heimildir .......... 33
Kort og landamerkjaskrár .......... 33
Árnastofnun – Örnefnasafn .......... 34

# Myndaskrá

Mynd 1 Skráningarsvæðið; rauða lína liggur utan um deiliskipulagsreitinn. ............................ 7

Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ. ........................................................................................................................ 8

Mynd 3 Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands........................................................................................................................ 12

Mynd 4 Yfirlitskort af fornleifum í landi Hamrahlíðar. ........................................................ 15

Mynd 5 Túnakort frá 1916 sýnir íbúðarhús og útihús á Hamrahlíð. Neðst til hægri á myndinni má sjá skrifað að þar sé *enginn kálgarður – mannlaust*. ........................................................ 16

Mynd 6 Húsgrunnur – upphækkun [2313]; hugsanlega húsgrunnur undan gömlu sumarhúsi. 20

Mynd 7 Útihús [2314] veggirnir sjást vel og inngangur er á suðvesturgafli. .......................... 21

Mynd 8 Útihús [2315] myndin er tekin í vestur. .................................................................. 22

Mynd 9 Óþekkt [2316] við skurðabakka í þýfðu túni. .......................................................... 23

Mynd 10 Hola – niðurgröftur [2317] hlutverk þess óljóst. .................................................... 24

Mynd 11 Garðlag [2318] fyrir framan útihús [2314-2315]. .................................................... 25

Mynd 12 Beðasléttunnar sjást vel á þessari loftmynd frá Samsýn ehf. Myndin er tekin af ja.is. .............................................................................................................................. 26

Mynd 13 Leiðin [2336] að Stekkjarvaði [2337]; hún hverfur síðan þar sem golfvöllurinn er í dag. ............................................................................................................................ 29

Mynd 14 Herforingaráðskort 1909, Hamrahlíðar bæjarstæðið og tún fast við Þjóðveginn. ... 30

# Inngangur

Að beiðni Hauks Þórs Haraldssonar, viðskiptastjóra hjá Verkís, fyrir hönd framkvæmdaraðila Reitir – þróun ehf. tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í landi Blikastaða.

Skipulagssvæðið er 15 hektara landsvæði sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlfstaðavegi, Korpúlfsstaðaá og limgerði til vesturs. Landsvæðið þetta tilheyrði fyrrum jörðinni Blikastöðum og hluti af því síðar hjáleigu þeirra, Hamrahlíð.

Á svæðinu er að finna minjar af bæjarstæði Hamrahlíðar og útihúsum frá bænum. Rétt utan við skipulagið niður við Korpúlfsstaðaá er forn leið og vað. Stór hluti af svæðinu hefur verið mýri sem var ræst fram á miðri 20. öldinni og þar eru engar minjar. Aftur á móti eru allar minjar á bæjarstæði Hamrahlíðar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráning

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er saga Blikastaða rakin og fornleifar skráðar í landi þeirra og Hamrahlíðar.[1] Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar staðsettar á kort og

[1] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.

þær sem hafa ratað inn á vefsjá sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.

Skráningin sem hér fer á eftir er þó viðameiri og nákvæmari en fyrri skráningar á svæðinu og fer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem hafa líka breyst hvað varðar fornleifaskráningu og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Er það gert í þessari skráningu. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningu eru nýttar í skráninguna hér þar sem við á.




**Mynd 1 Skráningarsvæðið; rauða lína liggur utan um deiliskipulagsreitinn.**

## Skráningarsvæðið

Skipulagssvæðið er 15 hektara landsvæði sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlfstaðavegi, Korpúlfsstaðaá og limgerði til vesturs. Landsvæðið þetta tilheyrði fyrrum jörðinni Blikastöðum og síðar hluti af því jörðinni Hamrahlíð.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra."

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt."

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands

ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



2314, Útihús, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Bæjarnafn | Hamrahlíð |
| Jarðatal Johnsen | 269 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Tóft |
| Efni | Torf og grjót |
| Lengd | 13.2 meter |
| Breidd | 7 meter |
| Hæð | 0.50 metrar |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni |
| Adalsvædi | Blikastaðaland |
| Svæði | Hamrahlíðartún |
| Túnakort | Túnakort 1916 |
| Heimildir | FM 2006:22 |
| Örnefnaskrá | MG 1991 Ö-Blikastaðir |
| Aldur | 1850-1930 |
| Skráning | RT-RKT-MV |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 17.10.2019 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorso | Vegna framkvæmda |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| GPS hnit Norður | 6409180 |
| GPS hnit Vestur | 2144438 |
| Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða |
| Gömul númer | 269-42 |
| Sveitarf | Mosfellsbær |
| Friðað | Já |
| Gróður | Gras |
| Hlutverk | Útihús |

**Mynd 3 Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jarðirnar Blikastaði og Hamrahlíðar. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Svarma ehf.

## Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Stekkjarvað [2337]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „útihús [2314]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Stekkjarvað [2337], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Svarma ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru það engar fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

## Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

# Fornleifar á svæðinu




**Mynd 4 Yfirlitskort af fornleifum í landi Hamrahlíðar.**

# Blikastaðir [269]

Skráningarsvæðið er í landi Blikastaða, jarðar sem fyrst er getið árið 1234. Þá og fram á 16. öld heyrðu Blikastaðir undir kirkjuna og klausturstaðinn í Viðey.[2] Eftir það komust þeir í eigu konungs og hélst svo næstu aldir.[3] Í *Jarðatali* árið 1847 var jörðin komin í bændaeign og var jarðardýrleiki þá 14 hundruð.[4] Blikastaðabærinn sjálfur stóð þó langt fyrir utan svæðið sem hér er til athugunar: „á láglendu mýrlendi, skammt fyrir norðan Lágafellshamra, austanvert við Korpúlfsstaðaá, sunnan til við Leiruvoga, gagnvart Víðinesi.“[5] Svo lýsir séra Stefán Þorvaldsson legu Blikastaða árið 1855.

[2] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I, 507-508; *Íslenzkt fornbréfasafn*, II, 377; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 598.
[3] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 111, 137, 152, 172, 398; *Jarðabók*, III, 308-309.
[4] *Jarðatal á Íslandi*, 96.
[5] Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna“, 233.

Magnús Þorláksson ábúandi á Blikastöðum árin 1908-1942 ræktaði þar upp mela og mýrar og Helga dóttir hans og Sigsteinn Pálsson héldu verkinu áfram þannig að túnin stækkuðu úr 42 í 70 hektara í þeirra tíð. Frá árinu 1980 önnuðust Magnús sonur þeirra og kona hans Marta Sigurðardóttur svo túnin á Blikastöðum og félagsmenn í Hestamannafélaginu Fáki fengu þar bithaga og hey.[6] Fjölskyldan á Blikastöðum gaf ýmsar mikilsverðar upplýsingar þegar fornleifaskráning fór fyrst fram á jörðinni árin 1980-1982.




**Mynd 5 Túnakort frá 1916 sýnir íbúðarhús og útihús á Hamrahlíð. Neðst til hægri á myndinni má sjá skrifað að þar sé *enginn kálgarður – mannlaust*.**

[6] Ö-Blikastaðir MG.

## Hamrahlíð saga jarðarinnar

Hamrahlíð var hjáleiga frá Blikastöðum sem átti land á því svæðinu sem hér er til skoðunar frá því um miðja 19. öld og fram yfir aldamót. Samkvæmt landamerkjaskrá Blikastaða frá 1890 liggja merki milli þeirra og Hamrahlíðar úr „Hrossadalsgili“ og beina línu í grjóthrúgu norðast á syðsta „Stekkjarhólnum“, og þaðan beina línu niður í Korpólfsstaðaá. Vestan megin liggja merki Hamrahlíðar að Korpúlfsstöðum.[7]

Hamrahlíðar er hvorki getið í jarðabókum árin 1703 né 1847 enda hefur býlið ekki verið orðið til þá. Séra Stefán Þorvaldsson skrifar hins vegar um það árið 1855: „Afbýli eitt lítið, byggt fyrir 4-5 árum úr Korpúlfsstaðalandi, norðvestan undir Lágafellshömrum, skammt í suður frá Blikastöðum, er lítt byggilegt sökum landþrengsla og töðuleysis.“[8] Hamrahlíð hefur því byggst um miðja 19. öld.

Heimildir eru um tvo ábúendur í Hamrahlíð. Annar var Jón B. Stephensen hreppstjóri og dannebrogsmaður sem bjó um hríð á Korpúlfsstöðum og var í manntali árið 1845 sagður forlíkunarmaður eða sáttargerðarmaður.[9] Hann lenti þó sjálfur í illdeilum við sveitunga sína sem leiddu til dómsmáls. En Jón þessi bjó í Hamrahlíð árið 1850 og þar fæddist Guðrún dóttir hans (1852-1936) en frá henni er sagt í *Innansveitarkroniku* Halldórs Laxness.[10]

Hinn Hamrahlíðarábúandinn hét Friðrik Þorkelsson (1834-1861) og var þjófur sem fjallað er um í dómsskjölum. Árið 1857 var honum gert að greiða fjóra ríkisdali í fátækrasjóð fyrir að notfæra sér 2-5 lítra af útskorinni kræklingabeitu. Þremur árum síðar var hann dæmdur til að hljóta 14 vandarhögg fyrir að hafa „snemma morguns í haust, er var, áður en fólk var komið á fætur á heimili hans, Gufunesi, stolið frá ekkjunni Helgu Hafliðadóttur (1790-1872) 3 dönskum specíum heilum, er voru í stokk í kistu hennar, sem stóð þar niður í stofuhúsi, var bæði stofan og kistan ólæst [...] Enn fremur er það sannað, að hann hafi í fyrra vetur stolið frá

[7] *Landamerkjabók*.
[8] Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna“, 235.
[9] *Manntal á Íslandi: Suðuramt*, 466.
[10] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 105; Halldór Laxness, *Innansveitarkronika*, 79-92.

húsbónda sínum Hafliða Hannessyni, gráum vaðmálsstúf [...]“. Friðrik lét sér ekki segjast þrátt fyrir dóma en hann er sem sé sagður vera frá Hamrahlíð.[11]

Samkvæmt örnefnalýsingu Blikastaða var enn búið í Hamrahlíð árið 1890 og býlið er sýnt sem byggt býli á herforingjaráðskorti árið 1909.[12] Ekki er vitað nákvæmlega hvenær búsetunni var hætt en líklega hefur það verið skömmu upp úr því. Samkvæmt túnakorti var bærinn orðinn mannlaus árið 1916 og hans er heldur ekki getið í *Fasteignabók* árið 1922 enda hefur hann þá verið kominn í eyði.[13] Hugsanlega hafa útihúsin [2314] þó verið notuð lengur. En búseta í Hamrahlíð hefur ekki verið löng og ekki eru heldur neinar heimildir um að þetta svæði hafi verið nýtt fyrir tíma hjáleigunnar.

## Bæjarstæði [2312] heimild

Hamrahlíð er á herforingjaráðskorti frá árinu 1909 staðsett fast vestan gamla þjóðvegarins [600] með Blikastaði norðan megin og Korpúlfsstaði suðvestan megin.[14] Á Túnakorti Hamrahlíðar frá árinu 1916 má sjá timburhús [2312] fyrir enda heimreiðar [2329] suðaustan megin í túninu. Þar sem timburhús höfðu verið byggð á bæjum var yfirleitt búið í þeim og örin sem á túnakortinu vísar í norður er jafnframt látin benda á íbúðarhúsið.[15] Miðað við það má ætla að bærinn hafi staðið þarna. Á kortinu stendur jafnframt „enginn kálgarður“ og „mannlaust“ og bendir það til að býlið hafi ekki verið í ábúð lengur.

Hjáleigan Hamrahlíð stóð samkvæmt örnefnalýsingu „efst í óræktaða landinu við afleggjarann að Blikastöðum [...] utar og neðan við veginn.“[16] Í annarri örnefnalýsingu segir: „Býlið Hamrahlíð var við rætur samnefndrar hlíðar og mun hafa staðið fyrir neðan veginn á móts við hlið á girðingu Skógræktarfélags Mosfellssveitar. Rústir þessa býlis sjást enn. Fjós og útihús

[11] Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum, VIII, 50-52, 224-225; Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar 1100 ár*, 103.
[12] Ö-Blikastaðir MG; *Herforingjaráðskort Dana*.
[13] *Túnakort Hamrahlíðar*; *Fasteignabók*.
[14] *Herforingjaráðskort Dana*.
[15] *Túnakort Hamrahlíðar*; *Fylgiblað með uppdráttum af túnum í Mosfellssveit*.
[16] Ö-Blikastaðir AG.

stóðu neðar.“[17] Fellið handan við veginn er stundum nefnt Hamrahlíð eins og býlið sem hefur þó einnig verið talið kennt við Lágafellshamra sem liggja út af norðvesturbrún Úlfarsfells.[18]



Rústir Hamrahlíðarbæjarins fundust ekki við vettvangskönnun núna og engar leifar er að sjá á yfirborðinu þar sem hann á hafa staðið. Í vesturenda framræðsluskurðar [2343] eru hins vegar mannvistarleifar sem hljóta vera frá ábúðartíma Hamrahlíðar og frá þeim tíma þegar þarna voru sumarhús. Í skurðinum má til dæmis sjá ofn, mjólkurbrúsa, skóflur,verkfæri og fleira sem tengdist búrekstri. Ljóst er að bæjarstæðið hefur verið sléttað út og hafa þessir munir þá lent í skurðinum. Leifar Hamrahlíðarbæjarins og minjar frá búsetunni gætu leynst undir sverðinum þar sem bæjarstæðið á að hafa verið og þarf að taka könnunarskurð til að ganga úr skugga um það.

[17] Ö-Blikastaðir MG.
[18] Ólafur Lárusson, „Innnesin“, 70.



**Mynd 6 Húsgrunnur – upphækkun [2313]; hugsanlega húsgrunnur undan gömlu sumarhúsi.**

## Óþekkt – húsgrunnur [2313] upphækkun

Í Hamrahlíðartúni er ferhyrnd grasi vaxin upphækkun [2313] sem stendur um 40-50 sm upp úr þýflendinu í kring, flöt að ofan, 14,5 x 16 m að ummáli. Veggir eru ekki sýnilegir en mannaverk eru á upphækkuninni og gæti þetta hugsanlega verið grunnur undan timburhúsi.[19] Ef túnakortið er rétt stóð Hamrahlíðarbærinn [2312] ekki þarna heldur miklu austar, fast við Vesturlandsveg, en í eldri skráningarskýrslu er vitnað til heimildarmanna um sumarhús á þessum slóðum: „Að sögn Sigsteins Pálssonar og Helgu Magnúsdóttur byggðu Þórarinn B. Þorláksson listmálari og norski athafnamaðurinn Emil Rakstad sér sumarbústaði á balanum skammt ofan við rústirnar, þ.e. neðan hitaveitustokksins. Stóðu þeir þarna samtímis en voru rifnir um 1924.“[20] Miðað við þessar upplýsingar stóðu sumarhúsin nokkuð frá rústum Hamrahlíðarbæjarins og virðist því líklegt að annað sumarhúsið hafi staðið á þessum grunni.

[19] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 21.
[20] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 21.



**Mynd 7 Útihús [2314] veggirnir sjást vel og inngangur er á suðvesturgafli.**

## Útihús [2314] tóft

Samkvæmt örnefnaskrá voru fjós og útihús staðsett neðan við Hamrahlíðarbæinn [2312]: „Rústir þessa býlis sjást enn. Fjós og útihús stóðu neðar.“[21] Á túnakortinu má sjá stóra aflanga tóft frá útihúsi norðan við gamalt garðlag [2318].[22] Þessi rúst er enn þá vel sýnileg og er best varðveitt af tóftunum í Hamrahlíðartúninu. Hún hefur stefnuna norðaustur – suðvestur og er inngangur á suðvesturgafli. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, lengd 13,20 m og breidd 6,7 m að utan. Veggjaþykkt er 1,20-1,70 m og hæð 0,50 m. Á túnakortinu er tóftin opin í suðvestur og gæti hafa verið timburþil kringum innganginn þar. Samkvæmt heimildamanni við fyrri fornleifaskráningu á Emil Rakstad sumarhúseigandi [2313] að hafa reft yfir eina af hinum gömlu Hamrahlíðartóftum og nýtt hana sem fjós á sumrin; hefur það sennilega verið þessi

[21] Ö-Blikastaðir MG.
[22] *Túnakort Hamrahlíðar*.

tóft.[23] Hún er nú í hættu vegna framkvæmda og þyrfti að kanna aldur og hlutverk hennar með rannsókn.



**Mynd 8 Útihús [2315] myndin er tekin í vestur.**

## Útihús [2315] tóft

Austan við og upp við útihús [2314] eru leifar af öðru mannvirki sem í fyrri skráningu er talið vera garðlag.[24] Þarna virðast þó vera tvö rými og sennilega hefur þetta verið útihús. Lengri veggurinn er 13,5 m og hefur sömu stefnu og hin tóftin [2314], þ.e. suðvestur – norðaustur, og styttri veggurinn beygir hornrétt út frá norðausturendanum 10 m í norðvestur. Veggjaþykkt er 1,7-2 m og hæð 0,50 m. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en þarna hefur hugsanlega verið

[23] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 22.
[24] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 22.

eitt af útihúsunum sem sagt er frá í örnefnalýsingu.[25] Frekari rannsókn gæti sagt til um eðli minjanna.



**Mynd 9 Óþekkt [2316] við skurðabakka í þýfðu túni.**

## Óþekkt [2316] þúfur

Við fornleifaskráningu árin 1980-1982 er skráð tóft suðvestan við útihús [2314], á skurðarbakka í þýfðu túni: Lítil tóft sa. 4 x 7 m að utanmáli, veggir um 30-40 sm háir, liggur í norðvestur – suðaustur og inngangur annaðhvort á norðvesturgafli eða suðvesturlanghlið.[26] Við vettvangsskoðun núna var erfitt að sjá þessa tóft en þarna er mjög þýft og má kannski greina leifar veggjar vestan megin. Ekki var hægt að mæla neitt þarna og var aðeins tekinn

[25] Ö-Blikastaðir MG.
[26] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 23.

punktur á miðju svæðinu. Því þyrfti að athuga með könnunarskurði hvort einhverjar minjar leynist í þessum þúfum.



**Mynd 10 Hola – niðurgröftur [2317] hlutverk þess óljóst.**

## Óþekkt – jarðhús? [2317] hola – niðurgröftur

Hola eða jarðfall er 12 m vestan við upphækkunina [2313]. Holan er um 1,2 x 3,0 m að ummáli og 0,4 m að dýpt. Við uppmælingu reyndist hún vera minni en lýsingar í eldri skráningu gefa til kynna.[27] Hugsanlega hefur hún fallið meira saman. Erfitt er að átta sig á hlutverki holunnar en þetta gætu verið leifar af jarðhúsi. Kanna þarf hlutverk og aldur þessara minja.

[27] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 21.



**Mynd 11 Garðlag [2318] fyrir framan útihús [2314-2315].**

## Garður [ 2318] garðlag

Rétt sunnan við útihúsin [2314-2315] er garður sem er 12, 3 m á lengd og 1,8 m á breidd og er þetta sennilega garðlag sem sýnt er á túnakortinu frá 1916. Þar sést að garðurinn er gamall og hefur ekki verið haldið við en sennilega hefur þarna verið kálgarður áður.[28] Við vettvangsskráningu árið 1980-1982 sást meira af þessum minjum og segir þar að þetta sé ferhyrnd rúst, um 10,4 x 14,5 m að utanmáli, veggjaþykkt misjöfn. Austurveggurinn er sagður breiðastur og hæstur, um 2,5 m á þykkt og 0,5-0,6 m á hæð. Hinir veggirnir mældust um 0,4 m á þykkt og 0,2 m á hæð. Troðningur lá eftir rústinni endilangri.[29] Við vettvangsskráningu núna mældist austurveggurinn 12,10 m á lengd en hinir veggirnir sjást ekki.

[28] *Túnakort Hamrahlíðar*.
[29] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 22-23.

## Garður [2319] garður

Garður er 8 m vestan og fyrir framan útihúsin [2314-2315]. Garðurinn liggur norðvestur – suðaustur, hann er 17,2 m langur og 1,20-2,4 m á breidd. Erfitt er að átta sig á hlutverki þessa garðs eða hvort þetta séu veggjarbrot sem tengjast útihúsunum. Garðurinn er í hættu og þarf því að rannsaka aldur hans og hlutverk.



**Mynd 12 Beðaslétturnar sjást vel á þessari loftmynd frá Samsýn ehf. Myndin er tekin af ja.is.**

## Beðasléttur [2325] ávalar bungur í túni

Beðasléttur eru norðan og vestan við tóftirnar [2314-2315]. Þær eru ekki greinilegar á vettvangi en sjást mjög vel á loftmynd. Þetta eru fjórar smábungur og er lengd þeirra talið frá norðri: 21,32 m, 32 m, 31,9 m og 22,83 m. Í eldri skráningu er þessu lýst sem kilplógförum og

talið að þau hafi verið gerð til að ræsa fram túnið.[30] Þessi för hafa verið mæld upp og er ekki ástæða til að rannsaka þau neitt frekar.

## Túngarður [2326] heimild

Á túnakorti má sjá túngarð suðaustan og sunnan megin Hamrahlíðartúnsins. Garðurinn liggur suðvestur frá bæjarheimreiðinni og kringum túnið áleiðis í vestur og hefur samkvæmt kortinu verið hlaðinn úr grjóti og torfi.[31] Nú sést hvorki til túngarðsins á vettvangi né loftmynd og hefur sennilega verið sléttað alveg úr honum þegar túnið var ræst fram eftir að búsetu lauk.

## Heimreið [2329] heimild

Heimreiðin að Hamrahlíð liggur á túnakortinu úr suðaustri frá þjóðveginum [600], svolítið inn á tún, og endar við bæjarstæðið eða timburhúsið sem þar stendur [2312]. Hún er sýnd sem hlaðinn og malarborinn vegur.[32] Ekki sést lengur til heimreiðarinnar. Hún hefur farið undir Vesturlandsveg og verið sléttað úr henni þar fyrir neðan.

## Leið [2342] gata

Vestan við Hamrahlíðartún og beðasléttumar er að finna götu sem fer yfir framræðsluskurð og liggur með honum norður suður en hverfur að mestu þegar hún kemur að vesturlandsvegi. Það er getur verið að þessi leið sé ekki gömul og sé frekar tengd því þegar hestum var beitt á þessum svæði á 20. öldinni. Leiðin hefur verið mæld inn.

## Útihús [2328] heimild

Á túnakortinu sést svolítið hús í túnjaðrinum, norðaustan við aflöngu tóftina [2314]. Af kortinu að dæma hefur það verið úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti.[33] Ekki sést neitt á vettvangi þar sem þetta hús á hafa staðið og er hugsanlegt að framræsluskurður [2343] eða annar minni skurður [2345] hafi raskað því.

[30] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 22.
[31] *Túnakort Hamrahlíðar*.
[32] *Túnakort Hamrahlíðar*.
[33] *Túnakort Hamrahlíðar*.



## Framræsluskurður [2343] skurður

Framræsluskurður sem er 73,6 m á lengd og rúmir 2 m á breidd sker í sundur land Hamrahlíðar. Í vesturhluta hans má sjá minjar frá búsetunni í Hamrahlíð. Sennilega hefur bæjarstæðið verið rutt til að jafna túnið þegar skurðurinn var gerður og leifar frá bænum þá endað ofan í honum. Hann var þarna þegar fornleifaskráning fór fram árin 1980-1982 og hefur því verið grafinn fyrir þann tíma. Minjarnar sem sjást í skurðinum geta líka að hluta til verið frá þeim tíma þegar sumarhús [2313] voru á jörðinni.

## Framræsluskurður eldri [2345] skurður

Hann er rétt vestan við stóra skurðinn með stefnu NNA – SSV og endar rétt austan við útihúsatóftir [2314-2315].



**Mynd 13 Leiðin [2336] að Stekkjarvaði [2337]; hún hverfur síðan þar sem golfvöllurinn er í dag.**

## Stekkjarvað [2337] og leið [2336] vað og gata

Nokkru frá Merkjafossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar.[34] Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum.[35] Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ánna fer hún undir golfvöllinn. Þessi gata er rétt undan við framkvæmdarsvæðið og hefur verið mæld upp.

[34] Ö-Blikastaðir MG.
[35] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 19.




**Mynd 14 Herforingaráðskort 1909, Hamrahlíðar bæjarstæðið og tún fast við Þjóðveginn.**

## Þjóðvegur [600] heimild

Á herforingjaráðskorti frá 1909 sést hvar gamli þjóðvegurinn lá í norðaustur, rétt austan við bæjarstæði Hamrahlíðar [2312].[36] Hluti hans er einnig sýndur á túnakorti Hamrahlíðar.[37] Þessi vegur hefur með öllu horfið þegar Vesturlandsvegur var lagður örlítið vestar og nær hinu gamla bæjarstæði Hamrahlíðar. Gamli þjóðvegurinn var rétt utan marka skipulagssvæðisins en er skráður hér vegna samhengisins.

[36] *Herforingjaráðskort Dana.*
[37] *Túnakort Hamrahlíðar.*

## Samantekt og niðurstöður

Sautján fornleifar hafa verið skráðar á svæðinu. Flestar minjarnar eru í kringum bæjarstæði Hamrahlíðar. Bæjarstæðið sjálft [2312] sem hefur verið rétt neðan við Vesturlandsveg hefur verið jafnað út og er ekki lengur sýnilegt á yfirborði. Munir sem líklega stafa frá bænum finnast aftur á móti í framræsluskurði [2343] skammt frá. Er líklegt að leifar bæjarins sjálfs leynist undir sverði en taka þarf könnunarskurð til að skera úr um það. Ýmsar aðrar minjar tengdar bænum hafa varðveist sýnilegar rétt norðvestan við hann en þar eru garðlög [2318-2319], útihúsatóftir [2314-2315-2316], mögulega leifar af jarðhúsi [2317] og auk þess beðasléttur [2325] sem sjást sem ávalar bungur í túninu. Meðal minjanna er einnig húsgrunnur [2313] sem má ætla að sé frá gömlu sumarhúsi sem þarna stóð til 1924. Virðist sem gömlu útihúsin hafi verið nýtt þannig áfram og má því skoða sumarhúsið sem eins konar framhald búsetunnar í Hamrahlíð. Best varðveittu minjarnar eru leifar af útihúsi [2314].

Allar minjarnar kringum bæjarstæði Hamrahlíðar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og því þarf að fara fram nánari rannsókn á þeim áður en hafist er handa nema á beðasléttunum [2325]. Þær hafa verið mældar upp.  Mikilvægt er að kanna nánar aldur og hlutverk minjanna og hvort eldri minjar kunni að leynast í moldu. Grafa þarf könnunarskurð þar sem bærinn hefur staðið og einnig þarf að taka skurði í tóftirnar og garðlögin.

Af ritheimildum að dæma afmarkast búseta á svæðinu við um það bil sextíu ára tímabil frá miðri 19. öld og fram yfir aldamótin 1900 en ekki er vitað til að þetta svæði hafi verið nýtt áður en býlið Hamrahlíð var byggt. Þarna gefst því tækifæri til að rannsaka alþýðubæ sem var búið í á mjög afmörkuðu tímabili. Slík afmörkun getur komið fornleifafræðingum að góðu gagni við rannsóknir á mannvirkjagerð, búsetu og mannlífi fyrri tíma.

Þá voru Stekkjarvað [2337], gamalt vað yfir Korpúlfsstaðaá, og gamla reiðgatan [2336] sem liggur að því úr austri skráð og mæld upp. Gatan og vaðið eru að vísu utan við sjálft framkvæmdasvæðið en þó skammt frá mörkunum og þarf því að gæta þess að leiðin verði ekki fyrir hnjaski.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast

frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdum er haldið áfram.

Minjastofnun Íslands metur eðli minja og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir megi halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Pjaxi, 2005.

*Fasteignabók*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík, 1922.

Halldór Laxness. *Innansveitarkronika*. Reykjavík: Helgafell, 1970.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

*Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. VIII. Reykjavík: Sögufélag, 1959.

*Manntal á Íslandi: Suðuramt*. Útg. Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Ættfræðifélagið, 1982.

Ólafur Lárusson. „Innnesin." *Árbók Ferðafélags Íslands: Nágrenni Reykjavíkur: Landnám Ingólfs Arnarsonar*, 1936, s. 54-89.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna 1855." *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*. III. Félagið Ingólfur, 1937-1939.

## Kort og landamerkjaskrár

*Fylgiblað með uppdráttum af túnum í Mosfellssveit*. 1916.

*Herforingjaráðskort Dana: Reykjavík*. Kaupmannahöfn, 1909.

*Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu*. 1890.

*Túnakort Hamrahlíðar*. 1916.

## Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Blikastaðir AG: *Örnefnalýsing Blikastaða*. Ari Gíslason skráði eftir Helgu Magnúsdóttur húsfreyju á Blikastöðum. Örnefnastofnun Íslands, [ekkert ártal].

Ö-Blikastaðir MG: *Örnefnalýsing Blikastaða*. Magnús Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands, [ekkert ártal].

ANTIKVA EHF 2019

# Fornleifaskrá

# Blikastaðir og Hamrahlíð

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Margrét Valdmundsdóttir



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2312 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-40 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Bæjarstæði | Tegund | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Hamrahlíð | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1916 | Örnefnaskrá | MG 1991 Ö-Blikastaða | | |
| Mæling | Túnakort 1916 | Heimildir | FM 2006:21 | | |
| Isnet E | 366739,7 | GPS N | 6409181 | | |
| Isnet N | 408466,5179 | GPS V | 2144362 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunnarskurð | | |






Hamrahlíð er á herforingjaráðskorti frá árinu 1909 staðsett fast vestan gamla þjóðvegarins [600] . Á Túnakorti Hamrahlíðar frá árinu 1916 má sjá timburhús [2312] fyrir enda heimreiðar [2329] suðaustan megin í túninu. Þar sem timburhús höfðu verið byggð á bæjum var yfirleitt búið í þeim og örin sem á túnakortinu vísar í norður er jafnframt látin benda á íbúðarhúsið. Miðað við það má ætla að bærinn hafi staðið þarna. Á kortinu stendur jafnframt „enginn kálgarður“ og „mannlaust“ og bendir það til að býlið hafi ekki verið í ábúð lengur. Rústir Hamrahlíðarbæjarins fundust ekki við vettvangskönnun núna og engar leifar er að sjá á yfirborðinu þar sem hann á hafa staðið. . Í skurðinum má til dæmis sjá ofn, mjólkurbrúsa, skóflur,verkfæri og fleira sem tengdist búrekstri. Ljóst er að bæjarstæðið hefur verið sléttað út og hafa þessir munir þá lent í skurðinum. Leifar Hamrahlíðarbæjarins og minjar frá búsetunni gætu leynst undir sverðinum þar sem bæjarstæðið á að hafa verið og þarf að taka könnunarskurð til að ganga úr skugga um það. Sjá skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2313 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-40 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Húsgrunnur-bústaður | Tegund | Þúst - upphækkun | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 14,38 | Breidd | 12,5 | Hæð | ,4 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:21 | | |
| Isnet E | 366685,4089 | GPS N | 6409192 | | |
| Isnet N | 408488,0410 | GPS V | 2144420 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunnarskurð | | |



Í Hamrahlíðartúni er ferhyrnd grasi vaxin upphækkun [2313] sem stendur um 40-50 sm upp úr þýflendinu í kring, flöt að ofan, 14,5 x 16 m að ummáli. Veggir eru ekki sýnilegir en mannaverk eru á upphækkuninni og gæti þetta hugsanlega verið grunnur undan timburhúsi. Ef túnakortið er rétt stóð Hamrahlíðarbærinn [2312] ekki þarna heldur miklu austar, fast við Vesturlandsveg, en í eldri skráningarskýrslu er vitnað til heimildarmanna um sumarhús á þessum slóðum: „Að sögn Sigsteins Pálssonar og Helgu Magnúsdóttur byggðu Þórarinn B. Þorláksson listmálari og norski athafnamaðurinn Emil Rakstad sér sumarbústaði á balanum skammt ofan við rústirnar, þ.e. neðan hitaveitustokksins. Stóðu þeir þarna samtímis en voru rifnir um 1924.“ Miðað við þessar upplýsingar stóðu sumarhúsin nokkuð frá rústum Hamrahlíðarbæjarins og virðist því líklegt að annað sumarhúsið hafi staðið á þessum grunni.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2314 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-42 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Útihús | Tegund | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 13,2 | Breidd | 7 | Hæð | ,5 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 191 | Örnefnaskrá | MG 1991 Ö-Blikastaða | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:22 | | |
| Isnet E | 366669,2870 | GPS N | 6409180 | | |
| Isnet N | 408466,5129 | GPS V | 2144438 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð og rannsókn | | |



Samkvæmt örnefnaskrá voru fjós og útihús staðsett neðan við Hamrahlíðarbæinn [2312]: „Rústir þessa býlis sjást enn. Fjós og útihús stóðu neðar.“ Á Túnakorti frá 1916 má sjá stóra aflanga tóft frá útihúsi norðan við gamalt garðlag [2318]. Þessi rúst er enn þá vel sýnileg og er best varðveitt af tóftunum í Hamrahlíðartúninu. Hún hefur stefnuna norðaustur – suðvestur og er inngangur á suðvesturgafli. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, lengd 13,20 m og breidd 6,7 m að utan. Veggjaþykkt er 1,20-1,70 m og hæð 0,50 m. Á túnakortinu er tóftin opin í suðvestur og gæti hafa verið timburþil kringum innganginn þar. Samkvæmt heimildamanni við fyrri fornleifaskráningu á Emil Rakstad sumarhúseigandi [2313] að hafa reft yfir eina af hinum gömlu Hamrahlíðartóftum og nýtt hana sem fjós á sumrin; hefur það sennilega verið þessi tóft. Hún er nú í hættu vegna framkvæmda og þyrfti að kanna aldur og hlutverk hennar með rannsókn.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2315 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Útihús | Tegund | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 13,9 | Breidd | 6,7 | Hæð | ,5 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | MG 1991 Ö-Blikastaða | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366678,5750 | GPS N | 6409179 | | |
| Isnet N | 408465,0949 | GPS V | 2144426 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð og rannsókn | | |



Austan við og upp við útihús [2314] eru leifar af öðru mannvirki sem í fyrri skráningu er talið vera garðlag. Þarna virðast þó vera tvö rými og sennilega hefur þetta verið útihús. Lengri veggurinn er 13,5 m og hefur sömu stefnu og hin tóftin [2314], þ.e. suðvestur – norðaustur, og styttri veggurinn beygir hornrétt út frá norðausturendanum 10 m í norðvestur. Veggjaþykkt er 1,7-2 m og hæð 0,50 m. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en þarna hefur hugsanlega verið eitt af útihúsunum sem sagt er frá í örnefnalýsingu. Frekari rannsókn gæti sagt til um eðli minjanna.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2316 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-49 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | óþekkt- útihús | Tegund | Þúst - þúfur | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Ekki vitað |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:23 | | |
| Isnet E | 366634,6460 | GPS N | 6409171 | | |
| Isnet N | 408443,9 | GPS V | 214480 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð | | |



Við fornleifaskráningu árin 1980-1984 er skráð tóft suðvestan við útihús [2314], á skurðarbakka í þýfðu túni: Lítil tóft sa. 4 x 7 m að utanmáli, veggir um 30-40 sm háir, liggur í norðvestur – suðaustur og inngangur annaðhvort á norðvesturgafli eða suðvesturlanghlið. Við vettvangsskoðun núna var erfitt að sjá þessa tóft en þarna er mjög þýft og má kannski greina leifar veggjar vestan megin. Ekki var hægt að mæla neitt þarna og var aðeins tekinn punktur á miðju svæðinu. Því þyrfti að kanna með könnunarskurði hvort einhverjar minjar leynist í þessum þúfum.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2317 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-41 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Óþekkt- jarðhús? | Tegund | Niðurgröftur | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:21 | | |
| Isnet E | 366667,9189 | GPS N | 6409193 | | |
| Isnet N | 408493,973 | GPS V | 2144437 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð | | |



Hola eða jarðfall er 12 m vestan við upphækkunina [2313]. Holan er um 1,2 x 3,0 m að ummáli og 0,4 m að dýpt. Við uppmælingu reyndist hún vera minni en lýsingar í eldri skráningu gefa til kynna. Hugsanlega hefur hún fallið meira saman. Erfitt er að átta sig á hlutverki holunnar en þetta gætu verið leifar af jarðhúsi. Kanna þarf hlutverk og aldur þessara minja.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2318 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-48 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Garður | Tegund | Garðlag | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 12,10 | Breidd | 2,0 | Hæð | 0.50 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 191 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Fm 2006:22 | | |
| Isnet E | 366675,0630 | GPS N | 6409170 | | |
| Isnet N | 408445,995 | GPS V | 2144430 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð | | |



Rétt sunnan við útihúsin [2314-2315] er garður sem er 12, 3 m á lengd og 1,8 m á breidd og er þetta sennilega garðlag sem sýnt er á túnakortinu frá 1916. Þar sést að garðurinn er gamall og hefur ekki verið haldið við en sennilega hefur þarna verið kálgarður áður. Við vettvangsskráningu árið 1980-1982 sást meira af þessum minjum og segir þar að þetta sé ferhyrnd rúst, um 10,4 x 14,5 m að utanmáli, veggjaþykkt misjöfn. Austurveggurinn er sagður breiðastur og hæstur, um 2,5 m á þykkt og 0,5-0,6 m á hæð. Hinir veggirnir mældust um 0,4 m á þykkt og 0,2 m á hæð. Troðningur lá eftir rústinni endilangri. Við vettvangsskráningu núna mældist austurveggurinn 12,10 m á lengd en hinir veggirnir sjást ekki.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2319 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-45 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Garður - veggur | Tegund | Garðlag | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 17,2 | Breidd | 2,6 | Hæð | 0,40 | Hleðslu umferð | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Túnakort | | Örnefnaskrá | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:22 |
| Isnet E | 366653,0590 | GPS N | 6409175 |
| Isnet N | 408459,7629 | GPS V | 2144456 |
| | | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð |



Garður er 8 m vestan og fyrir framan útihúsin [2314-2315]. Garðurinn liggur norðvestur – suðaustur, hann er 17,2 m langur og 1,20-2,4 m á breidd. Erfitt er að átta sig á hlutverki þessa garðs eða hvort þetta séu veggjarbrot sem tengjast útihúsunum. Garðurinn er í hættu og þarf því að rannsaka aldur hans og hlutverk.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2325 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | 269-41 | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Beðsléttur | Tegund | Garðlag | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Hamrahlíðartún | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FM 2006:21 | | |
| Isnet E | 366646,9430 | GPS N | 6409197 | | |
| Isnet N | 408505,0449 | GPS V | 2144473 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | Samsýn | Mótvægisaðgerðir | Engar | | |



Beðasléttur eru norðan og vestan við tóftirnar [2314-2315]. Þær eru ekki greinilegar á vettvangi en sjást mjög vel á loftmynd. Þetta eru fjórar smábungur og er lengd þeirra talið frá norðri: 21,32 m, 32 m, 31,9 m og 22,83 m. Í eldri skráningu er þessu lýst sem kilplógförum og talið að þau hafi verið gerð til að ræsa fram túnið. Þessi för hafa verið mæld upp og er ekki ástæða til að rannsaka þau neitt frekar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2326 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Túngarður | Tegund | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1916 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Túnakort 1916 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366679,889 | GPS N | | | |
| Isnet N | 408400.58 | GPS V | | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | Túnakort | Mótvægisaðgerðir | Engar | | |




Á túnakorti má sjá túngarð suðaustan og sunnan megin Hamrahlíðartúnsins. Garðurinn liggur suðvestur frá bæjarheimreiðinni og kringum túnið áleiðis í vestur og hefur samkvæmt kortinu verið hlaðinn úr grjóti og torfi. Nú sést hvorki til túngarðsins á vettvangi né loftmynd og hefur sennilega verið sléttað alveg úr honum þegar túnið var ræst fram eftir að búsetu lauk.

Nr.: 2328
Bæjarnafn: Hamrahlíð
Gömul nr.: 269-50
Jarðatalsnr.: 269
Svæði:
Sveitafélag: Mosfellsbæ
Dagur.: 17.10.2019
Skráning: RT-RKT-
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Flokkur: Búsetuminjar
Sérheiti:
Friðað: Já
Verkefni: Deiliskipulag Blikastaða

Ástand: Ekki sést til fornleifa
Hættumat:
Hættuorsök:
Aldur: 1850-1930
Horfin: Já
Horfin ástæða: Ekki vitað
Leið:
Umhverfi: Í gömlu þýfðu túni
Lengd:
Breidd:
Hæð:
Hleðslu umferð:
Túnakort: Túnakort 1916
Örnefnaskrá:
Mæling: Túnakort 1916
Heimildir: FM 2006:23
Isnet E: 366713,0879
GPS N: 6409206
Isnet N: 408512,9550
GPS V: 2144386
Minjagildi:

Ljósmyndari: Túnakort
Mótvægisaðgerðir: Könnunarskurð




Á túnakorti má sjá túngarð suðaustan og sunnan megin Hamrahlíðartúnsins. Garðurinn liggur suðvestur frá bæjarheimreiðinni og kringum túnið áleiðis í vestur og hefur samkvæmt kortinu verið hlaðinn úr grjóti og torfi. Nú sést hvorki til túngarðisins á vettvangi né loftmynd og hefur sennilega verið sléttað alveg úr honum þegar túnið var ræst fram eftir að búsetu lauk.

Nr.: 2329
Bæjarnafn: Hamrahlíð
Gömul nr.: 269-39
Jarðatalsnr.: 269

Svæði: Hamrahlíðartún
Sveitafélag: Mosfellsbæ
Dagur.: 17.10.2019
Skráning: RT-RKT-

Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Flokkur: Búsetuminjar

Sérheiti:
Friðað: Já
Verkefni: Deiliskipulag Blikastaða

Ástand: Ekki sést til fornleifa
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna framkvæmd

Aldur: 1850-1930
Horfin: Já
Horfin ástæða: Vegna vegagerða

Leið:
Umhverfi: Í gömlu þýfðu túni og vegfl

Lengd:
Breidd:
Hæð:
Hleðslu umferð:

Túnakort:
Örnefnaskrá:

Mæling: Túnakort 1916
Heimildir: FM 2006:20

Isnet E: 366754,5349
GPS N: 6409165

Isnet N: 408438,5549
GPS V: 2144343
Minjagildi:

Ljósmyndari: Túnakort
Mótvægisaðgerðir: Engar




Heimreiðin að Hamrahlíð liggur á túnakortinu frá 1916 úr suðaustri frá þjóðveginum [600], svolítið inn á tún, og endar við bæjarstæðið eða timburhúsið sem þar stendur [2312]. Hún er sýnd sem hlaðinn og malarborinn vegur. Ekki sést lengur til heimreiðarinnar. Hún hefur farið undir Vesturlandsveg og verið sléttað úr henni þar fyrir neðan.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2336 | Bæjarnafn | Blikastaði | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Leið | Tegund | Gata | Flokkur | Samgönguminja | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | óviss | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í móa við Korpúlfsstaðaá | | |
| Lengd | 12,66 | Breidd | ,5 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366272,1930 | GPS N | 6409281 | | |
| Isnet N | 408670,8269 | GPS V | 2144929 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Nokkru frá Merkjafossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ánna fer hún undir golfvöllinn. Þessi gata er rétt undan við framkvæmdarsvæðið og hefur verið mæld upp.

| | |
|---|---|
| Nr. | 2337 |
| Bæjarnafn | Blikastaði |
| Gömul nr. | 269-34 |
| Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | |
| Sveitafélag | Mosfellsbæ |
| Dagur. | 17.10.2019 |
| Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Vað |
| Tegund | Náttúruminjar |
| Flokkur | Samgönguminja |
| Sérheiti | Stekkjavað |
| Friðað | Já |
| Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða |
| Ástand | Ekki manngert |
| Hættumat | Engin hætt |
| Hættuorsök | |
| Aldur | |
| Horfin | Nei |
| Horfin ástæða | |
| Leið | Stekkjarleið [2236] |
| Umhverfi | Vað yfir Korpúlfsstaðaá |
| Lengd | |
| Breidd | |
| Hæð | |
| Hleðslu umferð | |
| Túnakort | |
| Örnefnaskrá | MG 1991 Ö-Blikastaða |
| Mæling | Uppmæling |
| Heimildir | FM 2006:19 |
| Isnet E | 366233,7409 |
| GPS N | 6409267 |
| Isnet N | 408652,6969 |
| GPS V | 2144980 |
| Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT |
| Mótvægisaðgerðir | |



Nokkru frá Merkjafossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ánna fer hún undir golfvöllinn. Þessi gata er rétt undan við framkvæmdarsvæðið og hefur verið mæld upp.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2342 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Leið | Tegund | Gata | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-2000 | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | Vegna ræktunar |
| Leið | | Umhverfi | Í þýfðu túni og mýri | | |
| Lengd | 163 m | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366611,8389 | GPS N | 6409149 | | |
| Isnet N | 408404,0079 | GPS V | 2144513 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | Engar | | |



Vestan við Hamrahlíðartún og beðasléttunar er að finna götu sem fer yfir framræðsluskurð og liggur með honum norður suður en hverfur að mestu þegar hún kemur að vesturlandsvegi. Það er getur verið að þessi leið sé ekki gömul og sé frekar tengd því þegar hestum var beitt á þessum svæði á 20. öldinni. Leiðin hefur verið mæld inn.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2343 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | | Tegund | Niðurgröftur | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmd |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 73,6 | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366704,7530 | GPS N | 6409177 | | |
| Isnet N | 408468,3520 | GPS V | 2144404 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Framræsluskurður sem er 73,6 m á lengd og rúmir 2 m á breidd sker í sundur land Hamrahlíðar. Í vesturhluta hans má sjá minjar frá búsetunni í Hamrahlíð. Sennilega hefur bæjarstæðið verið rutt til að jafna túnið þegar skurðurinn var gerður og leifar frá bænum þá endað ofan í honum. Hann var þarna þegar fornleifaskráning fór fram árin 1980-1982 og hefur því verið grafinn fyrir þann tíma. Minjarnar sem sjást í skurðinum geta líka að hluta til verið frá þeim tíma þegar sumarhús [2313] voru á jörðinni.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2345 | Bæjarnafn | Hamrahlíð | Gömul nr. | | Jarðatalsnr. | 269 |
| Svæði | Hamrahlíðartún | Sveitafélag | Mosfellsbæ | Dagur. | 17.10.2019 | Skráning | RT-RKT- |
| Hlutverk | Framræðsluskurður | Tegund | Niðurgröftur | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Hamrahlíðartún | Friðað | Nei | Verkefni | Deiliskipulag Blikastaða | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna framkvæmda |
| Aldur | 1850-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Í gömlu þýfðu túni | | |
| Lengd | 28 | Breidd | 1,-2 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 366701,78 | GPS N | 6409199 | | |
| Isnet N | 408497,9479 | GPS V | 2144397 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | Engar | | |



Hann er rétt vestan við stóra skurðinn með stefnu NNA – SSV og endar rétt austan við útihúsatóftir [2314-2315].




| | | | |
|---|---|---|---|
| Deiliskipulag Blikastaðir<br>Yfirlitskort | 0 25 50 100 150 200 metrar | N<br>Kort Nr. 1 | Antikva ehf.<br>**Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir**<br>**Skráning: RT-MV 17.10.2019**<br>**Dagsetning: 15.11.2019** |




| | | | |
|---|---|---|---|
| Deiliskipulag Blikastaðir<br>Bæjarstæði Hamrahlíð | 0 5 10 20 30 40 metrar | N<br>Kort Nr. 2 | Antikva ehf.<br>Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir<br>Skráning: RT-MV 17.10.2019<br>Dagsetning: 15.11.2019 |




| | | | |
|---|---|---|---|
| Deiliskipulag Blikastaðir<br>Útihús [2014-2015] | 0 1 2 4 6 8 metrar | N | Antikva ehf.<br>Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir |
| | | Kort Nr. 3 | Skráning: RT-MV 17.10.2019<br>Dagsetning: 15.11.2019 |